

# Elvar Árni

Til elsku litla Elvars Árna  
frá ömmu.

Lag og texti:  
Margrét Ólafsdóttir



Elsk-u litl-i Elv-ar minn, augum lok-a þín-um. Dilla ég í draumheim inn  
drengnum ljúf-a mín-um. Englarnir þig, ung-inn minn, inn í heima bjarta,  
leiða'er nótt -in læð---ist inn leggst að húm -ið svart--a.

Guð þín ætíð gæti vel,  
greiði' úr dagsins önum.  
Láttu hjarta' og hugarþel  
hlýja öðrum mönnum.  
Þá mun lífsins leiðin þín  
ljósi fögru skarta  
og þú hjartans ástin mín  
eiga daga bjarta.

